

Reykjavík 18. maí 2015

Velferðarnefnd Alþingis
nefndarsvid@althingi.is

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar og lyfjalög (heilbrigðisþjónusta yfir landamæri, EES-reglur), 636. mál.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) vill ítreka fyrri athugasemd sem send var Velferðarráðuneytinu 20. febrúar 2015, en þar var gerð athugasemd við 6. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lyfjalögum nr. 93/1994, með síðari breytingum. Þessi athugasemd gildir nú við 9. grein frumvarps til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lyfjalögum nr. 93/1994, með síðari breytingum EES-reglur).

Þar er lagt til að í stað orðanna „hér á land“ í 2. mgr. 11. gr. laganna komi: innan Evrópska efnahagssvæðisins..

Í rökstuðningnum um 9. gr. segir „Með breytingunni verður lyfseðill ekki lengur einungis gild lyfjaávisun læknis, tannlæknis eða dýralæknis sem hafa gild lækningaleyfi hér á landi, heldur munu lyfseðlar gefnir út af læknum, tannlæknum eða dýralæknum með gild lækningaleyfi í aðildarríkjum EES vera gildar lyfjaávisanir hér á landi, þó í samræmi við þær reglur sem gilda um ávisanir og afhendingu lyfja.

Fíh minnir á að í sumum löndum Evrópu hafa hjúkrunarfræðingar leyfi til að ávísa lyfjum og því er nauðsynlegt að aðlaga 9. gr. að þeirri staðreynd þannig að lyfseðlar sem gefnir eru út af hjúkrunarfræðingum með gild hjúkrunarleyfi í aðildarríkjum ESB og EES gildi einnig milli landa.

Þá vill Fíh benda á að í Directive 2012/52/EU er ekki eingöngu talað um lækna heldur er þar talað um heilbrigðisstarfsfólk í tengslum við útgáfu lyfseðla og eru þar notuð ensku orðin health professional og prescribing health professional.

Fíh gerir eftirfarandi breytingartillögu við 9. grein:

Lyfseðill er lyfjaávisun læknis, tannlæknis og dýralæknis sem hefur gilt lækningaleyfi **og annarra heilbrigðisstarfsmanna sem hafa gilt leyfi til að ávísa lyfjum** innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í neyðartilfellum er lyfjafræðingum heimilt að afhenda lyf í minnstu pakkingu án lyfseðils.

Virðingafyllst



Ólafur G. Skúlason, formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga